

## AUGLÝSING

### um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra hefur aðstoðarmann til að vinna að sérstökum verkefnum.

Ráðuneytið skiptist í fjórar skrifstofur sem skrifstofustjórar stýra undir stjórn ráðuneytisstjóra og er einn þeirra staðgengill hans. Í hverri skrifstofu starfa deildir sem deildarstjórar stýra undir stjórn skrifstofustjóra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

#### **HÁSKÓLA- OG MENNINGARMÁLASKRIFSTOFA.**

Skrifstofan fjallar um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið, um íþrótt- og æskulýðsmál, vísindamálefni, málefni háskólastigsins og um fullorðinsfræðslu.

#### **Háskóla- og vísindadeild.**

Deildin fjallar um mál er varða háskólamenntun og vísindarannsóknir, svo og námslán og námsstyrki. Á verksviði deildarinnar starfa m.a. Háskóli Íslands og aðrir skólar á háskólastigi, Rannsóknaráð ríkisins, Vísindaráð og ýmsar vísindastofnanir og Lánasjóður íslenskra námsmanna.

#### **Lista- og safnadeild.**

Deildin fjallar um stuðning við listir og útgáfustarfsemi, safnamál, útvarps- og sjónvarpsmál og höfundarréttarmál. Á verksviði deildarinnar starfa m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

#### **Íþrótt- og æskulýðsdeild.**

Deildin fer með mál er varða íþróttir og æskulýðsstarfsemi. Á verksviði hennar starfa m.a. Íþróttakennarskóli Íslands, Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

#### **Fullorðinsfræðsludeild.**

Deildin annast söfnun og miðlun upplýsinga um fullorðinsfræðslu og eftirmenntun, starfar að áætlanagerð í samvinnu við aðila sem sinna fullorðinsfræðslu og vinnur að þróun fjarkennslu.

#### **SKÓLAMÁLASKRIFSTOFA.**

Skrifstofan fer með skólamál að háskólastigi, m.a. þróunarmál, námstjórn, námskrágerð og skipulagsmál.

Á verksviði skrifstofunnar starfa m.a. fræðsluskrifstofur, leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, sérskólar, skólar fyrir börn og unglinga með sérþarfir og Námsgagnastofnun.

**Leikskóladeild.**

Deildin fjallar af hálfu ráðuneytisins um veitingu leyfa til að setja á stofn dagvistarheimili fyrir börn og hefur faglega umsjón með starfsemi slíkra stofnana. Hún vinnur að stefnumörkun og stuðlar að þróunarstarfi er lýtur að uppeldi og kennslu leikskólabarna og sinnir ráðgjöf á því sviði.

**Grunnskóladeild.**

Deildin fjallar um málefni grunnskóla. Hún vinnur að þróun skólustarfs og hefur með höndum námsstjórn, námskrágerð, ráðgjöf og eftirlit.

**Framhaldsskóladeild.**

Deildin fjallar um málefni framhaldsskóla, þ.á m. iðnfræðslumál. Hún vinnur að þróun skólustarfs og starfsþjálfunar, m.a. í samvinnu við aðila atvinnulífsins. Deildin gefur út námskrá fyrir framhaldsskóla, hefur umsjón og eftirlit með starfi þeirra og gerir tillögur um verkaskiptingu milli skóla um námsframboð.

**Sérkennsludeild.**

Deildin fjallar um mál er tengjast nemendum sem þarfnast sérkennslu á leikskóla-, og grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Hún sinnir einnig þróunarverkefnum sem miða m.a. að því að gera fötludum kleift að stunda nám í almennum skólum.

**FJÁRMÁLASKRIFSTOFA.**

Skrifstofan fjallar um fjármál sem undir ráðuneytið heyrir. Á verksviði hennar er meðal annars áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar með tilliti til fjárlaga, greiðslu- og framkvæmdáætlanir og samningagerð ýmiss konar. Einnig annast hún ráðgjöf og eftirlit með rekstri stofnana og hefur umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins.

**Fjárhagsdeild.**

Deildin hefur umsjón með undirbúningi fjárlaga af hálfu ráðuneytisins og annast fjárhagslegar úttektir og áætlanir. Hún fjallar um framkvæmd fjárlaga og gerð greiðsluáætlana og hefur á hendi fjárhagslegt eftirlit með stofnunum á stjórnarsýslusviði ráðuneytisins og rekstri þeirra.

**Byggingadeild.**

Deildin hefur umsjón með byggingum á vegum ráðuneytisins og metur viðhaldspörf þeirra. Einnig metur hún af hálfu ráðuneytisins húsnæðisþörf skóla og annarra stofnana, sér um gerð áætlana og viðmiðunarreglna og annast samninga varðandi framkvæmdir.

**Greiðsludeild.**

Deildin sér um og hefur eftirlit með greiðslum til einstaklinga, samtaka og stofnana, m.a. vegna kostnaðarhlutadeildar í rekstrar- og stofnkostnaði, og veitir upplýsingar um stöðu fjárveitinga. Hún hefur einnig umsjón með ýmsum sjóðum sem undir ráðuneytið heyrir.

**Starfsmannadeild.**

Deildin fer með starfsmannamál stofnana, að því leyti sem þau koma til kasta ráðuneytisins. Hún hefur eftirlit með að starfsmannafjöldi og vinnumagn sé í samræmi við heimildir. Einnig hefur deildin umsjón með réttinda- og kjaramálum starfsmanna, eftir því sem við á.

**ALMENN SKRIFSTOFA.**

Skrifstofan fjallar um rekstur ráðuneytisins, starfsmannamál þess og sameiginlega þjónustu. Einnig annast hún umsjón gagnavinnslu og almenna upplýsingamiðlun.

**Skjala- og bókasafn.**

Deildin sér um skráningu og varðveislu skjala og annarra gagna, ennfremur um bókasafn ráðuneytisins.

**Þjónustudeild.**

Deildin hefur umsjón og eftirlit með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu.

**Önnur atriði.**

Ráðuneytið er ein heild. Hver skrifstofa hefur forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá og um að koma upplýsingum til ráðherra og ráðuneytisstjóra. Gert er ráð fyrir nánu samráði milli skrifstofustjóra og deildarstjóra innan hversrar skrifstofu.

Alþjóðleg samskipti í skóla- og menningarmálum eru í höndum einstakra skrifstofa eftir eðli máls hverju sinni undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 516 frá 28. desember 1984, um skipulag menntamálaráðuneytisins, með áorðnum breytingum.

*Menntamálaráðuneytið, 7. maí 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands.**

## 1. gr.

Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Stofnunin er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun og heyrir undir háskólaráð.

## 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu um alþjóðamál.

## 3. gr.

Hlutverki sínu gegnir stofnunin einkum með því að:

- a) gera rannsóknáætlanir á sviði alþjóðamála og standa að framkvæmd þeirra,
- b) veita starfsmönnum stofnunarinnar og öðrum aðstöðu til rannsókna,
- c) gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlestrum um efni sem starfssvið stofnunarinnar varðar,
- d) vinna að útgáfu rita um alþjóðamál,
- e) hafa samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir.